



SUMMARY

NetQues Project Report Speech and Language Therapy Education in Europe United in Diversity

Network for Tuning Standards and Quality of Education
Programmes in Speech and Language Therapy/Logopaedics
across Europe (NetQues): a multilateral academic and
professional network

26 September 2013

Project No. 177075-LLP-1-2010-1-FR-ERASMUSENWA



**Lifelong
Learning
Programme**

The NetQues project was undertaken with support from the European Union
This project has been co-funded by the European Commission's
ERASMUS Lifelong Learning Programme through the Education Audiovisual & Culture
Executive Agency

This publication reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be
held responsible for any use which may be made of the information contained therein

© 2013 by CPLOL/NetQues

All rights reserved

The summary document may be reproduced or transmitted electronically in full or in sections subject to acknowledgment of NetQues.

Executive Summary, Icelandic translation

Samantekt

- i. Verkefnið Network for Tuning Standards and Quality of Education Programmes in Speech and Language Therapy/Logopaedics across Europe (NetQues) er samstarfsverkefni 65 fræði- og fagaðila frá 31 landi í Evrópu. Því er stjórnað af Evrópusamtökum talmeinafræðinga, Comité Permanent de Liaison des Orthophonistes / Logopèdes de l'Union Européenne (CPLOL).
- ii. Talmeinafræði er viðurkennd sjálfstæð starfsgrein um allan heim og er studd með lagaákvæðum í mögum löndum. Um leið og Evrópusambandið (ESB) hefur þróast og aðildarlöndum fjölgað hefur þörfin fyrir lagaákvæði um flutning milli landa og viðurkenningu á starfshæfni einnig aukist. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að skoða og meta þá menntunarmöguleika sem í boði eru innan Evrópusambandsins og víðar. Með þessu verkefni verður mögulegt að skoða hvað hinir ýmsu skólar, sem kenna talmeinafræði, eiga sameiginlegt og hvað greinir þá að. Verkefnið lýsir þeirri færni sem samþykkt hefur verið og er æskileg og nauðsynleg nýútskrifuðum talmeinafræðingum til að geta stundað starfsgrein sína á öruggan og áhrifaríkan hátt. Í NetQues verkefninu hefur verið stuðst við meginreglur Tuning aðferðar Evrópusambandsins við leit að tilvitnunum, samræmi og sameiginlegum skilningi til að þjóna sem „vettvangur til að þróa viðmiðunargrundvöll í hverri námsgrein fyrir sig".¹
- iii. Skrifað hefur verið um mál-, tal- og tjáskiptaörðugleika í mörg þúsund ár. Þegar við lok nítjándu aldar var í Evrópu og víðar, orðin til heilmikil þekking og nokkrir einstaklingar sem tóku þátt í skoða og þjálfra fólk með málhamlanir. Síðan hefur starfið þróast í það að vera sjálfstæð fræðigrein sem er studd af CPLOL Evrópusamtökum talmeinafræðinga.
- iv. Störf talmeinafræðinga lætur sig varða mannleg samskipti og kyngingu, aðferðir, þróun og raskanir og þá einkum lýsingu, greiningu og þjálfun á mál-, tal- og tjáskiptaörðugleikum. Talmeinafræði er sú starfsgrein sem er

¹González, J. and Wagenaar, R. (2003). *Tuning educational structures in Europe*. Bilbao: University of Deusto. Retrieved 15-06-2013
http://www.relint.deusto.es/TUNINGProject/documentos/Tuning_phase1/introductionpage1

fullkomlega fær um forvarnir, greiningu, þjálfun og rannsóknir á mannlegum tjáskiptum og röskunum sem tengjast þeim.

v. Störf talmeinafræðinga hefur breyst með tímanum vegna breytinga í samfélaginu og í hugsunarhætti og framförum tengdum fræðasviðum læknisfræði, sálfræði, málvísindum, félagsfræði og uppeldisfræði. Lýðfræði, greining, tækniframfarir, samskiptatækni og samfélagsbreytingar hafa haft áhrif umfang starfs talmeinafræðinga. Umfang starfsins hefur aukist smám saman, með breyttum forgangi og áherslum innan hinna síbreytilegu landa Evrópusambandsins.

vi. tilgangurinn með NetQues verkefninu er:

- að skilgreina fræðileg og fagleg störf talmeinafræðinga innan landa Evrópusambandsins
- að lýsa markmiðum náms með inntökuskilyrðum og námsárangri (með tilliti til þekkingar, skilnings og færni) sem þarf að uppfylla
- að auðkenna þáfærni bæði almenna og námsgreinatengda sem nemandinn á að öðlast í náminu.

vii. Alls voru 65 aðilar fengnir til samstarfs frá öllum 27 Evrópusambandslöndunum, auk Liechtenstein og Noregs að viðbættum Íslandi og Tyrklandi sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu. Þessir samstarfsaðilar voru aðallega háskólastofnanir auk nokkurra félagasamtaka. Stjórnun verkefnisins var í höndum CPLOL, sem samanstendur af klínískum og akademískum sérfræðingum í talmeinafræði frá öllum Evrópulöndunum. Samstarfsaðilum var skipti í sex mismunandi hópa og fékk hver hópur sitt viðfangsefni, svokallaða vinnupakka (e. Workpackage), en í hópunum endurspegladist mikil vídd sérfræðiþekkingar og landfræðileg dreifing. Hver vinnuhópur fékk síðan ákveðin markmiðum, í takt við Tuning vinnuferlið. Hver vinnuhópur bar ábyrgð á einum eða fleiri vinnuþáttum og skipi með sér verkum. Etnografísk rannsóknaraðferð var notuð með þátttöku hins fjölbreytta úrvals sérfræðinga sem var meðal samstarfsaðila sem aðal heimildarmenn. Til þess að fá gott yfirlit yfir þessa fjölbreytni og kortlagt núverandi stöðu

menntunar í talmeinafræðum voru gerðar tvær kannanir sem náðu til allra landa í Evrópu. Niðurstöður gáfu þverskurðarupplýsingar og viðmið um þá færni sem krafist er af nýliða í starfsgrein talmeinafræðinga.

- viii. **Þversnið:** Samantekt þversniðs sem nær yfir gögn frá báðum könnunum sýna að öll löndin að tveimur undanskildum hafa að minnsta kosti eina deild sem býður upp á nám í talmeinafræði (og margir hafa talsvert fleiri en eina). Nám í talmeinafræði í Evrópu er yfirleitt innan háskóla, og er aðallega fjármagnað af ríki og oftast skipulagt í deildum sem tengjast öðrum heilbrigðisstéttum.
- ix. Yfirleitt er boðið upp á BA gráðu sem veitir fullgild réttindi eftir að minnsta kosti þriggja ára grunnenntun. Hægt er að fá meistaragráðu (European Qualifications Framework stig 7) eftir fimm ára háskólanám (þrjú ár BA og tveggja ára Masters). Doktorsgráðu er hægt að fá eftir um það bil þrjú eða fleiri ár. Námsframvinda frá BA gráðu til doktorsprófs er í boði í nánast öllum Evrópusambandslöndunum. Venjulega fá nemar 60 námsstig eða einingar (European Credit Transfer System (ECTS)) á hverju skólaári.
- x. Flestum námstilboðum eru stjórnað af ríki eða ríkisstjórn. Frakkland gaf upp flesta nemendur í talmeinafræði. Það kemur á óvart hve Belgía og Holland gáfu upp marga nemendur sem hugsanlega skýrist að hluta til af því að öflunarsvæði þeirra nær til Þýskalands til að mæta þörfum þýskra nemenda sem vilja fá BA gráðu í talmeinafræði. Þó skal það tekið fram að sumar fjöldatölur voru áætlaðar þar sem sem í mörgum löndum er ekki haldið utan um nemendafjölda eftir fögum.
- xi. Í náminu fer námsmat fram á margvíslegan hátt svo sem með skriflegum prófum, verklegu prófi og með munnlegum prófum. Einnig eru notaðar aðferðir sem byggja á frásögnum af reynslu, yfirliti yfir færni (e. Portfolio), prófum í klínískri reynslu, greiningu myndbanda og sjálfsmati nemenda. Til viðbótar bóklegu námi er alls staðar boðið upp á starfsnám undir handleiðslu sem lykilatriði til undirbúnings réttinda og faglegrar færni. Klínísk færni er aðallega metin af klínískum leiðbeinendum. Aðferðir við mat á klínískri færni geta verið mjög mismunandi s.s. munnleg próf, áhorf og matsblað, nemendamappa eða

umfjöllun um dæmi. Rannsóknaverkefni framkvæmd af nemendum voru hluti af náminu í næstum tveim þriðju hluta þeirra námsframboða sem skoðuð voru.

- xii. **Færni:** Menntun í talmeinafræði felur í sér að nemendur geti sýnt fram á ákveðna færni sem er flókið samspil kenningar og starfsreynslu ásamt víðtækri færni í mannlegum samskiptum sem er nauðsynleg fyrir árangursríka gagnreynda starfshætti. Það sem vekur mestan áhuga í heildarniðurstöðum þessa samanburðar á námsgreinum annars vegar og almennri færni sem þarf til að vera fær um að hefja störf sem talmeinafræðingur hins vegar var umfang þess samræmis sem var á svörum fræðimanna, útskriftarnema og atvinnurekenda.
- xiii. Að því er **námsgreinatengda færniþætti** varðar, þá tengjast þeir allir mati, greiningu, meðferð, forvörnum og ráðgjöf til skjólstæðinga og nánustu aðstandenda þeirra varðandi tjáskipta- og kyngingarörðugleika. Sú námsgreinatengda færni sem oftast var tilgreind sem nauðsynleg tengist sex sviðum, þ.e. starfsviði, mati og greiningu tjáskipta- og kyngingarörðugleika, skipulagi og framkvæmd íhlutunar, skipulagi, viðhaldi og mati á þjónustu, forvörnum og starfsþróun, símenntun og sérstakri siðferðilegri ábyrgð.
- xiv. Með tilliti til **almennrar færni**, var einstakling- og félagsleg færni talin mikilvægust.
- xv. **Viðmið:** Hæfnikröfurnar sem taldar voru nauðsynlegar fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga að hafa sem oftast voru tilgreindar af hagsmunaaðilum eru taldar upp í viðauka I. Líta má á þetta skjal sem sameiginleg viðmið um færni sem allir talmeinafræðingar þurfa að hafa til að geta starfað sem slíkir og hafa verið samþykkt af öllum Evrópulöndunum. Þau eru líka viðmið fyrir grunnkennslu í talmeinafræðum og ætti kennsla í öllum Evrópulöndunum að vera í samræmi við þau. Þeir færniþættir sem valdir voru sem nauðsynlegir koma fram í mörgum þrepum, en meirihluti þeirra fellur að hámarki í 6. og 7.

þrep hæfniramma Evrópusambandsins (European Qualifications Framework (EQF)).²

xvi. Talmeinafræðimenntunin í Evrópu er fjölbreytt, lifandi og í stöðugri þróun. Starfsgreinin stendur á mismunandi stigum þróunar í mismunandi löndum. Hins vegar er það sameiginlegur tilgangur og skuldbinding talmeinafræðinga og kennara í talmeinafræði að tryggja að þeir útskrifi bestu nemana til að veita fólki sem hefur þörf fyrir aðstoð talmeinafræðings sem besta þjónustu. Þetta skein í gegn allt tímabilið sem NetQues verkefnið stóð yfir. Með þessari skuldbindingu og sérfræðiþekkingu er framtíð starfsgreinarinnar og þeirrar þjónustu sem hún býður skjólstæðingum sínum björt.

7. Kafli **Færni sem vænta má af nýútskrifuðum talmeinafræðingum**

7.1 Kynning

Hlutverk kennslunnar/námsins er að hlúa starfshæfni. Eins og lýst er í 3. kafla, þá er talmeinafræði flókin vísindaleg starfsgrein. Það er því mikilvægt að námsmarkmiðin séu viðtæk og nái yfir þá færni sem æskilegt er að nýútskrifaðir talmeinafræðingar þurfa að hafa. Allir ráðgefandi sérfræðingar töldu einnig æskilegt að lögð væri áhersla á samþættingu mismunandi færniþátta starfsins, s.s.:

1. tæknilega færni sem vænta má með tilliti til þess hvernig talmeinafræðingur nálgast viðfangsefni sitt
2. hvernig talmeinafræðingur notar þekkingu og skilning, með viðeigandi afstöðu, og aðferðir við ákvarðanatöku
3. stöðuga þróun einstaklingsins sem manneskja og sem fagmaður

Faglegri hæfni hefur oft verið lýst sem „það að gera réttu hlutina“, „gera réttu hlutina rétt á réttan hátt“ og „af réttu manneskjunni“ - sjá lýsingu Harden á læknismenntun (2002)³⁴, og Adam (2006)⁵ Inngangur að námsmarkmiðum í Bologna handbók Sambands Evrópskra háskóla (EUA).

² http://ec.europa.eu/education/policies/educ/eqf/eqf08_en.pdf

³Harden, R. M. (2002a). Developments in outcome-based education. *Medical Teacher*, 24(2), 117-120.

⁴Harden, R. M. (2002b). Learning outcomes and instructional objectives: is there a difference? *Medical Teacher*, 24(2), 151-155.

⁵Adam, S. (2006) An introduction to learning outcomes. In Froment E., Kohler J., Purser L. And Wilson L. (Eds), EUA Bologna Handbook article B.2.3-1. Berlin: Raabe.

Í Tuning, er færni skilgreind sem viðmið fyrir hönnun námskrár og námsmats, ekki sem spennitreyju. Sveigjanleiki og sjálfstæði í uppbyggingu námsefnis er leyfilegur. Hins vegar er settur tónninn fyrir, sameiginlegan umræðugrundvöll um að hverju stefnt er.

Tuning aðferðafræðin skilgreinir hæfni út frá almennri færni eða framseljanlegri færni, þ.e. geta sem er ekki bundin við nám eða notkun ákveðinnar námsgreinar og námsgreinatengdri hæfni sem er í beinum tengslum við starfsgreinina eða námsefnið, í þessu tilviki talmeinafræði.

Í þessu verkefni sem beinir sjónum að talmeinafræði, komu samstarfsaðilar sér saman um að við samanburð á námsbrautum væri best að beina athyglinni að því sem nýútskrifaður talmeinafræðingur, það er einstaklingur sem nýlega hefur hlotið réttindi til að starfa sjálfstætt í faginu, verður að vera fær um að gera. Sameiginleg skilgreining á færni fól ekki aðeins í sér, að vera fær um að gera eitthvað heldur einnig að geta gert það af skilningi og sveigjanleika og með notkun æðri vitrænni getu/vitrænna þátta, svo sem greiningu og samruna. Það nær einnig yfir það að vera fær um að leita, velja og nota upplýsingar á viðeigandi hátt, þ.e. að nota gagnrýna hugsun, að byggja ákvarðanir sínar á þeim gögnum sem liggja fyrir og komast að bestu/ákjósanlegustu niðurstöðunni. Á þennan hátt nær fagleg færni yfir marga færniþætti: Þekkingu – huglæga/vitsmunalega, hreyfigetu/líkamlega færni, viðhorf og tilfinningar.

Út frá þessu er áhersla, lögð á að skilgreina þá námefnistengdu (starfsgreinatengdu) færniþætti sem er mikilvægt fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga⁶ að hafa, en þeir þjóna þeim tilgangi að aðgreina talmeinafræðinga frá öðrum útskriftarnemum einkum útskriftarnemendum annarra starfsstétta. Almennir fræðilegir færniþættir eru einnig teknir með, en þeir eru æskilegir sem grunnur að þróun þeirrar færni sem starfsgreinin krefst, en eru skoðaðir aðgreindir frá þeim sem tengjast faginu beint.

Niðurstöðurnar sem greint er frá hér að neðan aðgreina þar að auki námsgreinatengda þekkingu, færni og viðhorf eins og fram kemur í svörum þátttakenda í könnunum (sjá viðauka IV), í fyrsta lagi til að bera kennsl á þá færni sem talin er mikilvægust fyrir útskriftarnema og þá færni sem talin er æskileg fyrir árangursríkt og skilvirkt starf talmeinafræðinga í Evrópusambandslöndunum og í öðru lagi að greina að hvaða marki færni á þessum þremur sviðum (þ.e. þekkingu, getu og viðhorfi) eru tengd innbyrðis og leiða til færni.

Þetta verkefni inniheldur sérstaka lýsingu á samþættingu þeirrar þekkingar, skilnings, kunnáttu í námsgreinum sem talmeinafræðingur þarf á að halda að til að geta gegnt hlutverki sínu í samræmi við þær kröfur sem honum eru settar (heilbrigðis-,

⁶Nýútskrifaður talmeinafræðingur = sá sem hefur lokið námi í talmeinafræði og er tilbúinn til að starfa sjálfstætt sem talmeinafræðingur

menntamála- og félagslegi geirinn). Markmið NetQues, út frá sjónarhóli talmeinafræðinnar, líkjast þess vegna mjög og bæta upp markmið EQF (sjá töflu 7.1).

Tafla 7.1 Samanburður á markmiðum EQF og NetQues

Markmið	
EQF	NetQues
<ul style="list-style-type: none"> • hæfniskröfur læsilegri og skiljanlegri milli landa landa og kerfa í Evrópu • stuðla að hreyfanleika borgaranna milli landa og auðvelda símenntun þeirra • auka gagnsæi hæfniskrafna 	<ul style="list-style-type: none"> • að semja um sameiginlega staðla og viðmið fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga • að stuðla að meiri hreyfanleika hæfs fagfólks milli landa • að auðvelda þróun starfsgreinarinnar • að veita ráðgjöf til æðri menntastofnana og helstu hagsmunaaðila varðandi talmeinafræðimenntun í öllum löndum Evrópu • að gera Evrópubúum kleift að fá aðgang að þjónustu talmeinafræðinga með fullgild réttindi

7.2 Aðferð

Eins og þegar hefur verið lýst í 5. kafla, tók hópur sérfræðinga í menntun talmeinafræðinga saman námsgreinatengda og almenna færniþætti eftir viðamikla skoðun á gögnum sem til eru um skóla sem kenna talmeinafræði, regluramma, viðmiðunarmörk og staðla innan Evrópu, sem og færniviðmið fyrir talmeinafræðinga á heimsvísu þ.m.t gögn sem notuð eru í Bandaríkjunum (ASHA)⁷, Ástralíu (SPA)⁸, Kanada (CASLPA)⁹ og IALP viðmiðin¹⁰. Tillögur um atriði voru endurskoðuð ítrekað með breyttri Delphi tækni, með því að fá til samstarfs breiðari hóp sérfræðinga úr hópi samstarfsfólks í menntun talmeinafræðinga og klínísku starfi. Þetta starf leiddi til 60 námsefnistengdra og 38 almennara færniþátta (sjá atriði könnunar viðauka IV).

⁷ASHA (2009) *Standards and Implementation Procedures for the Certificate of Clinical Competence in Speech-Language Pathology Revised March 2009* American Speech-Language-Hearing Association Retrieved from: http://www.asha.org/certification/slp_standards/

⁸SPA (2010) Code of ethics. Retrieved from <http://www.speechpathologyaustralia.org.au/library/CodeofEthics.pdf>

⁹CASLPA (2008) *Canadian Association of Speech-Language Pathologists and Audiologists (CASLPA) Scope of Practice for Speech-Language Pathology*. Retrieved from: http://www.caslpa.ca/PDF/Scope_of%20Practice_SLP_english_2008.pdf

¹⁰IALP Guidelines for Initial Education in Speech Language Pathology. *Folia Phoniatria et Logopaedica*. 2010, 62(5), 210-16.

Námsefnitengdir færniþættir tengdust eftirfarandi átta sviðum:

- starfsvið
- mat og greining á tjáskipta- og kyngingarerfiðleikum
- skipulag og framkvæmd íhlutunar
- skipulag, viðhald og mat á þjónustu
- forvarnir
- gæðatrygging
- rannsóknir
- faglega þróun, símenntun og sérstök siðfræðileg ábyrgð.

Almennu færniþættirnir tengdust þremur eftirfarandi sviðum:

- færni í notkun tækja
- tilfinninga- og félagsleg færni
- Kerfisbundin færni

Alls voru það 98 mismunandi færniþættir sem mynduðu grunn að spurningalista (á ensku) sem, ásamt orðalista, var sendur til samstarfsaðila í hverju landi til þýðingar af talmeinafræðingi, sem kann bæði eigið tungumál og ensku. Könnunin og orðasafnið voru síðan undirbúin á öllum nauðsynlegum evrópskum tungumálum (24 talsins) með bakþýðingar sem tryggingu. Að lokum var SurveyMonkey forritið notað til að leggja könnunina fyrir þátttakendur sem gátu valið sér tungumál. Könnunin var lögð fyrir þrjú mismunandi hópa hagsmunaaðila í hverju landi:

1. Háskólakennara/fyrirlesara/fræðimenn í skólum sem kenna talmeinafræði
2. Nýútskrifaða talmeinafræðinga (síðustu fimm ár)
3. Vinnuveitendur talmeinafræðinga (þ.m.t stjórnendur heilbrigðisþjónustu)

Svarendur voru beðnir að meta færniþætti sem:

- Ekki nauðsynlegt til að geta starfað **sem nýútskrifaður talmeinafræðingur**
- Æskilegt en ekki nauðsynlegt til að geta starfað **sem nýútskrifaður talmeinafræðingur**
- Nauðsynlegt til að geta starfað **sem nýútskrifaður talmeinafræðingur**

Nýútskrifaður talmeinafræðingur var skilgreindur sem „sá sem hefur lokið námi í talmeinafræði og er tilbúinn til að starfa sjálfstætt sem talmeinafræðingur.“

Gögnin, þ.e. svör við könnuninni, voru greind af vinnuhópi númer 3 sem notaði SPSS¹¹ og Excel¹² til að koma með lýsandi töluleg gögn og tölfræðilegar skilgreiningar á niðurstöðum eftir þátttakendum og sérkennum.

7.3 Niðurstöður og helstu uppgötvanir

Alls höfðu 4383 svör borist við lokun SurveyMonkey hlekksins. Af þessum 4383 svörum höfðu 2.863 (65%) svarað öllum spurningunum og voru þau notuð til greiningar. Í 1520 svör vantaði upplýsingar og var þeim hafnað.

7.3.1 Helstu námsgreinatengdir færniþættir

Þeir 25 námsgreinatengdu færniþættir sem oftast voru tilgreindir sem "nauðsynlegir" af öllum þremur hópum þátttakenda eru skráðir í töflu 7.2 hér að neðan.

Sjá má að sú námsgreina miðaða færni sem oftast var tilgreind sem nauðsynleg tengist sex af átta liðum sem nefndir eru hér að ofan (sjá 7,2 hér að framan), þ.e.

- Starfsvið
- Mat og greining á tjáskipta- og kyngingarerfiðleikum
- Skipulagning og framkvæmd íhlutunar
- Skipulag, viðhald og mat á þjónustu
- Forvarnir
- Faglega þróun, símenntun og sérstök siðferðileg ábyrgð

Þátttakendur töldu þar af leiðandi að grunnmenntun í talmeinafræði ætti einkum að leggja áherslu á færni sem tengist mati, greiningu, meðferð, forvörnum og ráðgjöf til þess að nemi geti hafið störf sem talmeinafræðingur.

Tafla 7.2 Þeir 25 námsgreinatengdu færniþættir sem oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir

	Oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir Lýsing á námsgreinatengdum færniþáttum
1.	Getur prófað, greint og haft afskipti af talmeinum
2.	Skilur faglegt hlutverk og mörk talmeinafræðings
3.	Vísar skjólstæðingi til annarra sérfræðinga í tæka tíð og á viðeigandi hátt þegar nauðsyn krefur
4.	Veitir skjólstæðingi og aðstandendum hans, viðeigandi upplýsingar um niðurstöður prófana, þannig að þær skiljist auðveldlega

¹¹SPSS Statistical Product and Service Solutions IBM

¹²EXCEL Microsoft for Windows/Mac

5.	Útfærir viðeigandi meðferðartækni og notar viðeigandi efni og tækjabúnað
6.	Getur skrifað skýrslu og skýrt frá greiningarniðurstöðum munnlega, þar með talið upplýsingar um greiningu og túlkun niðurstaðna.
7.	Samlagar niðurstöður athugana við aðrar viðeigandi upplýsingar til að setja fram markmið.
8.	Fylgist með siðareglum fagfélaga á landsvísu og / eða eins og vinnuveitandi mælir til um og / eða stjórnvöld.
9.	Skilur rökstuðning og meginreglur sem liggja að baki tiltekinna aðferða í meðferð.
10.	Ræðir langtíma niðurstöður og ákveður í samráði við skjólstæðinginn, hvort talþjálfun sé viðeigandi eða nauðsynleg. Hefur lykilaðila með á þessum umræðum
11.	Kemur auga á eyður í upplýsingum sem koma í veg fyrir að hægt sé að greina raskanir skjólstæðingsins, og verður sér úti um upplýsingar til að fylla í eyðurnar.
12.	Greinir og túlkar niðurstöður nákvæmlega og fellir upplýsingar úr ferilsögu og öðrum viðkomandi heimildum að niðurstöðum.
13.	Tekur rökstuddar ákvarðanir til að hefja, halda áfram, breyta eða hættavið notkun valinna aðferða eða meðferð og skráir ákvarðanatöku og rökstuðning á viðeigandi hátt
14.	Velur og skipuleggur viðeigandi og skilvirkar þjálfunaraðferðir með þátttöku lykilaðila úr umhverfi skjólstæðings.
15.	Greinir frá niðurstöðum og tekur þátt í mati og greiningu
16.	Undirbýr skjólstæðing fyrir útskrift úr meðferð á viðeigandi hátt, fellst á að ljúka þjálfun með samþykki skjólstæðings og aðstandenda hans og fylgir starfsreglum viðeigandi stofnunar við skráningu ákvarðana
17.	Skráir viðbrögð við íhlutun og breytingar sem verða á þjálfunaráætlunum
18.	Stuðlar að því að koma í veg fyrir vandamál sem tengjast tjáskiptum og kyngingarferfiðleikum (borða, drekka og kyngja) með því að veita snemmtæka íhlutun
19.	Ber kennsl á áhrif mismunandi aðstæðna, umhverfi eða samhengis á vandamál skjólstæðings
20.	Þróar með sér fagvitund sem talmeinafræðingur með innsýn í núverandi færni og gefur svigrúm til frekari faglegrar þróunar hvort heldur sem er að starfa sem einstaklingur eða með öðrum (e. intrapersonalskills, communicationskills)
21.	Viðurkennir áhrif raskana á sálfélagslega líðan, félagslega og heilsufarslega stöðu skjólstæðingsins og aðstandenda hans
22.	Safnar upplýsingum, bæði eigindlegum og meginindlegum, til að meta árangur meðferðar
23.	Skilur hlutverk annarra meðlima í þverfaglegu teymi og útbýr meðferðaráætlanir í samráði við þá
24.	Skráir upplýsingar jafnóðum á læsileg og nákvæman hátt í samræmi við faglegar og lagalegar kröfur og notar einungis viðurkennd hugtök
25.	Skilur hugtökin áhrif (e. efficacy) og skilvirkni (e. efficiency) í tengslum við SLT afskipti.

7.3.2 Sameiginlegir þættir hjá hagsmunaaðilum

Fræðimenn, nýútskrifaðir og vinnuveitendur gáfu mjög svipuð svör varðandi val á fimm aðalatriðum af 60 mögulegum námsgreinatengdum færniþáttum. Þrátt fyrir hinn mikla fjölda mögulegra færniþátta, var töluvert samræmi varðandi þá færniþætti sem taldir voru nauðsynlegir eða æskilegir. Tafla 7.3 hér fyrir neðan sýnir þá fimm færniþætti sem oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir af 206 vinnuveitendum, 476 háskólakennurum og 2181 nýútskrifuðum sem luku menntun sinni á undanförunum fimm árum.

Tafla 7.3 Þeir fimm námsgreinatengdir færniþættir sem oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir í hverjum hinna þriggja hagsmunahópa

Námsgreinatengdir færniþættir sem oftast voru valdir eftir hópum		
Vinnuveitendur	Háskólakennarar	Nýútskrifaðir
1. Getur prófað, greint og haft afskipti af talmeinum	1. Getur prófað, greint og haft afskipti af talmeinum	1. Getur prófað, greint og haft afskipti af talmeinum
2. Skilur faglegt hlutverk og mörk talmeinafræðings	2. Tekur rökstuddar ákvarðanir til að hefja, halda áfram, breyta eða hættavið notkun valinna aðferða eða meðferð og skráir ákvarðanatöku og rökstuðning á viðeigandi hátt	2. Skilur faglegt hlutverk og mörk talmeinafræðings
3. Tekur rökstuddar ákvarðanir til að hefja, halda áfram, breyta eða hættavið notkun valinna aðferða eða meðferð og skráir ákvarðanatöku og rökstuðning á viðeigandi hátt	3. Getur skrifað skýrslu og skýrt frá greiningarniðurstöðum munnlega, þar með talið upplýsingar um greiningu og túlkun niðurstaðna.	3. Vísar skjólstæðingi til annarra sérfræðinga í tæka tíð og á viðeigandi hátt þegar nauðsyn krefur
4. Útfærir viðeigandi meðferðartækni og notar viðeigandi efni og tækjabúnað	4. Skilur faglegt hlutverk og mörk talmeinafræðings	4. Tekur rökstuddar ákvarðanir til að hefja, halda áfram, breyta eða hættavið notkun valinna aðferða eða meðferð og skráir ákvarðanatöku og rökstuðning á viðeigandi hátt
5. Vísar skjólstæðingi til annarra sérfræðinga í tæka tíð og á viðeigandi hátt þegar nauðsyn krefur	5. Vísar skjólstæðingi til annarra sérfræðinga í tæka tíð og á viðeigandi hátt þegar nauðsyn krefur	5. Útfærir viðeigandi meðferðartækni og notar viðeigandi efni og tækjabúnað

7.3.3 Þeir námsgreinatengdu færniþættir sem þóttu skipta minnstu máli

Í töflu 7.4 eru tilgreind þau tíu atriði í floknum námsgreinatengdir færniþættir sem sjaldnast var merkt við.

Tafla 7.4 Tíu námsgreinatengdir færniþættir sem sjaldnast voru tilgreindir sem nauðsynlegir fyrir nýútskrifa talmeinafræðinga að hafa raðað eftir fjölda svara (fæstir =1)

Sjaldnast valið sem nauðsynlegt Námsgreinatengdir færniþættir lýsing	
1.	Getur lagt fyrir, skráð, og túlkað niðurstöður á eftirfarandi mælitækjum: audiometry (heyrnarmæling), tympanometry, (miðeyrnaþrýstingsmæling), acousticanalysis, (hljómburðarmæling), lanryngography , nasometry, stroboscopy, nasendoscopy, videofluoroscropy
2.	Stuðlar að þróun fagsins (e. discipline) og starfsgreinarinnar með rannsóknum og birtingu niðurstaðna þeirra ásamt tilfellarannsóknum.
3.	Þekkir tölfraði
4.	Tekur þátt í rannsóknum sem aðrir hafa hrint af stað eða styðja
5.	Getur lagt fyrir, skráð, og túlkað niðurstöður heyrnarfræðilegra mælitækja
6.	Gerir tillögur um þróun eða kaup á nýjum gögnum, eða kynnir nýjar aðferðir
7.	Metur formleg og óformleg matstæki (e. assessmenttools) og íhlutunar úrræði og aðferðir í tengslum við nýjustu rannsóknir.
8.	Þegar hann hefur hlotið reynslu og þjálfun, aðstoðar hann nemendur og kennir í starfsgreininni
9.	Stuðlar að því að koma í veg fyrir vandamál sem tengjast tjáskiptum og kyngingarefniðleikum (borða, drekka og kyngja) með því að upplýsa almenning og annað fagfólk
10.	Tekur þátt í öflun gagna fyrir gæðaeftirlitsáætlanir

Þessir færniþættir krefjast vitanlega ákveðinnar reynslu á sviði talmeinafræði og er því ekki vitnað til þeirra sem nauðsyn fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga

7.3.4 Helstu almennir færniþættir

Þeir 25 almennu færniþættir sem oftast voru tilgreindir sem „nauðsynlegir“ af öllum þessum hópum þátttakenda eru sýndir í töflu 7,5 hér að neðan

Þegar allir 38 almennu færniþættirnir í könnunni eru skoðaðir, kemur í ljós að allir þættirnir á sviði einstaklings- og félagslegrar færni voru á meðal þeirra 25 færniþátta sem oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir. Á meðal hinna tíu almennu færniþátta sem oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir af öllum hagsmunaaðilum eru þeir sem tengjast tilfinningalegri færni eins til dæmis það að *sýna heiðarlega, einlæga og áreiðanlega hegðun*, ásamt því að *vera sjálf-gagnrýnn og að velta fyrir sér eigin frammistöðu*. Sú félagslega færni sem oftast var tilgreind var *hæfni til að veita nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitssaman hátt og að hafa samúð með*

skjólstæðingum og samstarfsmönnum síðan kom kerfisbundin færni og færni í notkun tækja sem voru almennt talin skipta minna máli.

Út frá þessu má sjá að tilfinningaleg og félagsleg færni var talin skipta mestu máli. Þess vegna ætti að kynna þessa almennu færniþætti vandlega í grunnmenntun talmeinafræðinga. Á eftir þessum persónulegu færniþáttum, sem eru örugglega mjög viðeigandi, er aðallega færni í notkun tækja talin nauðsynleg.

Tafa 7.1 Þeir 25 almennu færniþættir sem oftast voru tilgreindir sem nauðsynlegir af heildafjölda þáttakenda.

Hinir 25 almennu færniþættir sem tilgreindir voru nauðsynlegastir	
1.	Sýnir hegðun sem er heiðarleg, einlæg og áreiðanleg
2.	Sýnir getu til að vera sjálf-gagnrýnn og velta fyrir sér eigin frammistöðu
3.	Veitir nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitssaman hátt
4.	Hefur samúð með skjólstæðingi og samstarfsmönnum
5.	Tekur ábyrgð á að þróa eigin þekkingu og færni alla æfi
6.	Sýnir jákvæðni og virkni
7.	Getur unnið úr upplýsingum frá upplýsingagjafa á skilvirkan og skilningsríkan hátt
8.	Notar viðeigandi, árangurríka færni og efni í skriflegum, munnlegum og sjónrænum samskiptum um upplýsingar og leiðsögn
9.	Aðlagar hegðun sína og aðferðir að nýjum aðstæðum
10.	Getur borið kennsl á mikilvæga þætti í vandamáli og bent á mögulegar lausnir
11.	Getur tjáð æskilegustu lausnina/ákvörðunina á auðskiljanlegan hátt og lýst í grófum dráttum nauðsynlegum aðgerðum
12.	Ber virðingu fyrir fjölbreytni og fjölmenningu
13.	Notar þekkingu, svo sem að bera kennsl á mikilvægustu þætti í vandamáli, mögulegar lausnir og áhættuþætti sem tengjast þeim, að velja viðeigandi lausnir fyrir tiltekna aðstæður
14.	Sýnir seiglu til að takast á við kröfur starfsins á þann hátt sem gerir honum kleift að viðhalda sjálfsvirðingu sinni og hafa stjórn á streitu
15.	Sýnir félagslega færni svo sem ákveðni, samvinnu og samningaviðræður
16.	Greinir upplýsingar til að draga viðeigandi ályktanir og þekkir áhrif þessara niðurstaðna
17.	Samhæfir upplýsingar frá ólíkum aðilum til að velja viðeigandi viðbrögð eða til að svara spurningu
18.	Getur notað lagalegar og siðfræðilegar reglur í upplýsingastjórnun og getur verndað heildstæði (e. integrity), áreiðanleika (e. reliability) og gildi (e. authenticity) gagna
19.	Getur borið kennsl á áhættuþætti eða gildir í tengslum við hverja mögulega lausn
20.	Getur skipt verkefnum í ákveðin skref og gert tímaáætlanir með raunhæfum markmiðum að teknu tilliti til annarra þátta
21.	Getur unnið sjálfstætt
22.	Getur náð markmiðum eða skilað verkefnum á tilætluðum tíma
23.	Getur leitað í vísindatímaritum til að finna viðeigandi upplýsingar til að svara spurningu
24.	Getur mótað skapandi og frumlegar lausnir við nýstárlegar aðstæður
25.	Getur safnað gögnum með ýmsum aðferðum þar á meðal í umfjöllunum um tímaritsgreinar, viðtölum, spurningalistum og athugunum.

7.3.5 Sameiginlegir þættir hjá hagsmunaðilum

Eins og í matinu á námsgreinatengdum færniþáttum gáfu háskólakennarar, nýútskrifaðir og vinnuveitendur aftur mjög svipuð svör varðandi efstu fimm af 38 almennum færniþáttum. Þátttakendur voru því mjög sammála um þá almennu færniþætti sem þeir töldu mikilvæga. Tafla 7.6 hér að neðan sýnir fimm algengustu svörin frá 206 vinnuveitendum, 476 kennurum og 2181 nýútskrifuðum, sem luku menntun sinni á síðustu fimm árum.

Table 7.2 The five generic competences most frequently cited as essential in each of the three stakeholder groups

Most cited generic competences by stakeholders		
Employers	Academics	Graduates
1. Sýnir hegðun sem er heiðarleg, einlæg og áreiðanleg	1. Veitir nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitssaman hátt	1. Sýnir hegðun sem er heiðarleg, einlæg og áreiðanleg
2. Veitir nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitssaman hátt	2. Sýnir hegðun sem er heiðarleg, einlæg og áreiðanleg	2. Sýnir getu til að vera sjálf-gagnrýnn og velta fyrir sér eigin frammistöðu
3. Hefur samúð með skjólstæðingi og samstarfsmönnum	3. Sýnir getu til að vera sjálf-gagnrýnn og velta fyrir sér eigin frammistöðu	3. Hefur samúð með skjólstæðingi og samstarfsmönnum
4. Takes responsibility for developing their own knowledge and skills throughout their lifespan	4. Hefur samúð með skjólstæðingi og samstarfsmönnum	4. Veitir nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitssaman hátt
5. Sýnir getu til að vera sjálf-gagnrýnn og velta fyrir sér eigin frammistöðu	5. Notar viðeigandi, árangurríka færni og efni í skriflegum, munnlegum og sjónrænum samskiptum um upplýsingar og leiðsögn	5. Takes responsibility for developing their own knowledge and skills throughout their lifespan

7.3.6 Þeir almennu færniþættir sem þóttu skipta minnstu máli

Þeir tíu almennu færniþættirnir sem voru sjaldnast tilgreindir sem nauðsynlegir til að geta byrjað að starfa sem talmeinafræðingur eru skráðir í töflu 7.7 hér að neðan.

Kerfisbundin færni er oft tilgreind sem æskileg eða ekki nauðsynleg. Það er að segja, átta af tíu færniþáttum sem taldir voru ekki nauðsynlegir eru kerfisbundnir færniþættir. Það er ljóst að það að geta að skrifa fagleg skjöl og fræðigreinar og geta haldið faglegar kynningar á erlendu tungumáli (sem yfirleitt þýðir að birta rannsóknir) myndi venjulega ekki vera talið skilyrði til að hefja störf sem talmeinafræðingur, en gæti þó vel orðið nauðsynlegt þegar talmeinafræðingurinn hefur þroskast í starfi.

Það, að geta lesið og skilið fagleg skjöl, fræðigreinar og faglegar kynningar á erlendu tungumáli og notkun erlends tungumáls eru tveir af almennu færniþáttunum sem sjaldnast voru tilgreindir sem nauðsynlegt eða æskilegt, getur verið vegna þeirrar staðreyndar að flestar fræðigreinar í starfsgreininni eru skrifaðar á ensku og ennfremur telja hagsmunaaðilar í enskumælandi löndum (eða jafnvel þar sem þar sem enska er mikið notuð) það skipta minna málið að taka það fram að nýútskrifaður talmeinafræðingur þurfi að skilja eða tjá sig á erlend tungumál.

Tafla 7.7 Tíu almennir færniþættir sem sjaldnast voru tilgreindir sem nauðsynlegir fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga að hafa raðað eftir fjölda svara

Sjaldnast valið sem nauðsynlegt Almennir færniþættir lýsing	
1.	Getur skrifað fagleg skjöl og fræðigreinar og haft kynningar á erlendu tungumáli
2.	Getur hannað og framkvæmt rannsóknarverkefni til að svara tiltekinni spurningu á áhrifaríkan hátt
3.	Getur leiðbeint öðrum eins og við á
4.	Getur stjórnað öðrum til að ná samstöðu
5.	Getur frætt nýja aðila og aðra í teyminu
6.	Getur notað fjarnám (e. learningapplication) og aðlagað sig að nýrri tækni í fræðslu
7.	Getur lesið og skilið fagleg skjöl, vísindagreinar og faglegar kynningar á erlendu tungumáli
8.	Getur tekið þátt í nýju fyrirtæki eða fylgt eftir erfiðri rás aðgerða, ef þörf krefur
9.	Getur veitt fólki úr öðrum starfsstéttum eða nánustu aðstandendum skjólstæðinga viðeigandi fræðslu og þjálfun
10.	Getur metið aðferðafræði, niðurstöður og skilgreiningar úr rannsókn til að skera úr um gildi hennar

7.4. Umræður og ályktanir af niðurstöðum

Það er augljóst að námsgreinatengdir færniþættir sem tengjast mati, greiningu, meðferð, forvörnum og ráðgjöf á sviði tjáskipta- og kyngingarörðugleika eru mikilvægir og skal lögð áhersla á þá í grunnmenntun talmeinafræðinga. Háskólakennarar, nýútskrifaðir og vinnuveitendur voru sammála um að sú alhliða

færni að geta metið, greint og haft afskipi af mál- og talkvillum væri nauðsynleg til þess að geta hafið störf sem nýútskrifaður talmeinafræðingur. Þrátt fyrir að nokkuð samræmi í svörun hópanna á um hvaða færni þyrfti að vera fyrir hendi var líka mismunur á forgangs röðun hópanna á þessum 60 námsgreinatengdu færniþáttum. Til dæmis lögðu háskólakennarar örlítið meiri áherslu á atriði eins og *að geta skrifað skýrslu og skýrt frá niðurstöðum munnlega, þar með talið upplýsingum og túlkun niðurstaðna*, en útskriftarnemar og vinnuveitendur tilgreindu oftast skilur faglegt hlutverk og mörk talmeinafræðings

Varðandi almenna færniþætti, eru tilfinninga- og félagsleg færni oftast tilgreind nauðsynleg í grunnfræðslu talmeinafræðinga og þess vegna ætti að stuðla vandlega að eflingu hennar í grunnmenntuninni. Færni í notkun tækja telst annað hvort nauðsynleg eða æskileg, en kerfisbundnir færniþættir sem tengjast stjórnun og rannsóknum eru taldir í mesta lagi æskilegir en ekki nauðsynlegir fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga. Sá almenni færniþáttur sem var oftast tilgreindur nauðsynlegur fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga af útskriftarnemum, vinnuveitendum, og háskólakennurum var *sýnir hegðun sem er heiðarleg, einlæg og áreiðanleg. Hæfnin að veita nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitsaman hátt* var oftast nefnd sem nauðsynlegur færniþáttur af háskólakennurum og næst oftast nefnt af vinnuveitendum en var fjórða algengasta svar nýútskrifaðra.

Á sama hátt var almenni færniþátturinn *samúð með skjólstæðingi og samstarfsmönnum* jafn oft tilgreindur sem nauðsynlegur af nýútskrifuðum og vinnuveitendum (í þriðja sæti), og örlítið sjaldnar (í fjórða sæti) af háskólakennurum

Það eru fleiri sveiflur sem koma fram milli hópanna. Vinnuveitendur og nýútskrifaðir tilgreindu þá færni *að taka ábyrgð á að þróa eigin þekkingu og færni alla ævi* sem nauðsynlega til að hefja störf sem talmeinafræðingur oftast heldur en háskólakennarar. Háskólakennarar tilgreina oftast *notar viðeigandi, árangursríka færni og efni í skriflegum, munnlegum og sjónrænum samskiptum um upplýsingar og leiðsögn* en vinnuveitendur og nýútskrifaðir. Þessi munur gæti vel endurspeglað mismunandi upplifun þessara hópa sig um mikilvægi þess hvenær þessi lykilfærni þróast í starfi talmeinafræðings.

Muninn má einnig rekja til mismunandi væntinga varðandi mikilvægi færniþáttanna hvort sem þeir eru þegar fyrir hendi eða nýtilkomnir, til dæmis þeirra sem tengjast rannsóknarverkefnum. Nýútskrifaðir talmeinafræðingar ættu að geta sýnt einhverja færni á þessu sviði – en hversu mikilla færni getur verið breytilegt. Væntingar geta einnig endurspeglað inntökuskilyrði að náminu sem í boði er í hverju landi fyrir sig. Í könnun á deildum kom fram að það var ljóst að hlutfallslegt magn tíma og dýptar í kennslu rannsóknaraðferða var mjög mismunandi eftir deildum. Eins og við var að búast, leggja háskólakennarar meiri áherslu á þekkingargrunn (grunnfærni), þegar vinnuveitendur virðast aftur á móti láta sig frekar varða þá hæfni sem talmeinafræðingur sýnir fram á að hann hafi.

7.5 Niðurstöður

7.5.1 Kenningar og framkvæmd

Í menntun talmeinafræðinga eru gerðar þær kröfur að þeir öðlist og sýni færni sem byggir á flóknu samspili kenninga og framkvæmda ásamt margvíslegri getu sem er nauðsynleg fyrir árangursríka gagnreynda starfshætti. Eðli talmeinafræðinnar sem starfsgrein og fræðigreinin gerir kröfur um grunnám í talmeinafræði sem veitir hæfni í ákveðnum námsgreinatengdum færniþáttum og getu til að starfa á öruggan og áhrifaríkan hátt innan starfsgreinarinnar. Eftirtektarverðasti (og vissulega mest hughreystandi) hluti heildarniðurstaðna á samanburði á námsgreinatengdum og almennum færniþáttum sem nýútskrifaðir talmeinafræðingar þurfa að hafa til að geta hafið störf í greininni, var samræmið milli svara háskólakennara, nýútskrifaðra og vinnuveitenda.

Námsgreinatengdir færniþættir liggja á sviði mats, greiningar, meðferðar, forvarna og ráðgjöf til skjólstæðinga og nánustu aðstandendum þeirra á sviði tjáskipta- og kyngingarörðugleika. Sú almenn færni sem skiptir mestu máli fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga er á sviði tilfinningalegrar- og félagslegrar færni. Viðhorf og samskiptafærni eins og samúð og skilningur er nauðsynleg fyrir tengsl skjólstæðinga og meðferðaraðila, til að afla upplýsinga um skjólstæðinga og taka viðeigandi og gagnreyndar ákvarðanir.

7.5.2 Lært með starfsnámi

Starfsnám undir eftirliti og handleiðslu er mikilvægt til að veita nemendum í talmeinafræði umhverfi þar sem þeir geta lært, þjálfað og þróað nauðsynlega færni til að verða hæfir fagmenn. Gæði og tímasetning starfsþjálfunar ætti að skipuleggja þannig að nemandi í talmeinafræði öðlist þá þekkingu og skilningi á klínískri ákvarðanatöku við margbreytilegar aðstæður. Sú ákvarðanatöku byggist á því að safna og kanna gögn við hverjar aðstæður fyrir sig. Við höfum einnig séð út frá því hvernig kennsla í talmeinafræði eru mótuð í Evrópu og á alþjóðavettvangi (sjá 6. kafla) að venjan er að bjóða upp á samþætta námskrá sem felur í sér klínískt nám við raunverulegar aðstæður. Þótt magn staðbundins náms og vinnustaðanáms geti verið talsvert breytilegt þá er almennt samkomulag um að starfsnám sé nauðsynlegur þáttur og þarf að fella hann vel að námsferlinu.

7.5.3 Viðmið fyrir menntun talmeinafræðinga: Evrópskir staðlar fyrir störf talmeinafræðinga

Þeir færniþættir sem þóttu nauðsynlegir fyrir nýútskrifaða talmeinafræðinga og oftast voru tilgreindir af hagsmunahópum eru taldir upp í Viðauka I. Líta má að þetta skjal sem sameiginlega staðla yfir þá færni sem nýútskrifaður talmeinafræðingur þarf að hafa og samþykktur hefur verið af Evrópusambandslöndunum. Þetta eru einnig staðlar fyrir grunnmenntun í talmeinafræði og ættu allir skólar í Evrópu, sem kenna talmeinafræði, að uppfylla þessa staðla.

7.5.4 Starfshæfni, fyrirhuguð hæfni og framtíðarmarkmið

Eftir að hafa náð viðmiðunarmörkum og uppfyllt skilyrði varðandi færniþætti, hefur útskriftarnemi náð þeirri stöðu að geta starfað sjálfstætt sem talmeinafræðingur. Samt sem áður mun „menntun frá vöggju til grafar“ (e. lifelong learning) og símenntun stöðugt vera mikilvæg fyrir frekari þróun, áframhaldandi útbreiðslu og að vera hluti af öllu starfi talmeinafræðingsins. Þessu verður hann að hlúa að allan starfsferil sinn en til þess að svo geti orðið gagnast honum handleiðslustuðningur í starfsumhverfi sínu fyrstu árin. Eins og nefnt hefur verið hér að framan er talmeinafræðin sívaxandi, kraftmikil starfsgrein sem þarf að aðlaga sig að breytilegum þörfum samfélagsins og taka til sín nýja vísindalega og tæknilega framþróun. Símenntun er því nauðsynleg fyrir talmeinafræða til að ná fyrirhugaðri færni og framtíðarmarkmiðum. Sömuleiðis ætti ekki að líta á þá færni sem starfið krefst í upphafi starfsferils sem endapunktur heldur skal hún vera í stöðugri og öflugri endurskoðun og uppfærslu og endurspeglar þannig þróun í menntun og starfi.